



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða – 153. löggjafarþing, IRN22060157
Ráðuneyti	Innviðaráðuneytið
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	29. júní 2022

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

Með frumvarpinu verður óskað lagaheimildar til stofnunar opinbers hlutafélags í eigu ríkisins, eins eða fleiri, sem haldi utan um uppbyggingu og rekstur þjóðhagslega arðsamra flýti framkvæmda í samgönguinnviðum sem og jarðgangagerð. Með frumvarpinu verður stigið mikilvægt skref í þá átt að flýta þjóðhagslega arðsömum samgönguinnviðum og um leið að tryggja að unnið sé jafnt og þétt að jarðgangagerð á næstu árum.

Megineinkenni þessara verkefna er að forsendur séu fyrir innheimtu notkunargjalda og framkvæmdakostnaður sé þannig endurheimtur, a.m.k. að hluta. Lykilþáttur í starfsemi slíks félags er því að halda utan um fjármögnun verkefnanna, þ.m.t. innheimtu notkunargjalda. Sé um fjárveitingar að ræða sem ekki verði endurheimtar með notkunargjöldum komi þær úr ramma samgöngumála.

Þó að framkvæmdakostnaður umræddra verkefni verði þannig að meginsteftu til endurheimtur með notkunargjöldum er ljóst að taka þarf ákvarðanir um hvernig fjármögnun þeirra í upphafi verður hagað með sem hagfelldustum hætti. Kemur þá bæði til greina að fjármögnunin verði boðin út á einkamarkaði sem og að ríkissjóður komi að fjármögnuninni, s.s. með beinu láni eða ríkisábyrgð. Munu slíkar ákvarðanir augljóslega hafa áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Þá er ljóst að jafnvel þó einstakar framkvæmdir verði fjármagnaðar af einkaaðilum munu skuldbindingar félagsins vegna þeirra mögulega geta talist til skuldbindinga ríkissjóðs og þar með haft áhrif á fjárhag hans.

Þó útfæra þurfi heimildir félagsins í frumvarpinu, s.s. til lántöku, mun það ekki fela í sér sjálfstæðar heimildir til að skuldbinda ríkissjóð. Slíkra heimilda mun eftir sem áður þurfa að afla hjá Alþingi í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaáætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

- í gildandi fjárlögum – Nei.
- í fjárlagafrumvarpi komandi árs – Nei.
- í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar – Nei.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá áætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum? – Komi til þess að afla þurfi fjárheimilda vegna einstakra verkefna mun verða óskað eftir slíkum heimildum.

3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?** – Lykilforsenda við flýtingu arðsamra samgönguframkvæmda er að framkvæmdakostnaður þeirra verði endurheimtur að öllu leyti eða a.m.k. stórum hluta með notkunargjöldum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að hafin verði gjaldtaka í öllum jarðgöngum til að standa undir rekstri þeirra og styðja við gerð nýrra jarðganga.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið** - Ekki áhrif.
2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**
– Á ekki við.
3. **Samkeppnisskilyrði** – Ekki áhrif.

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**
– Engin áhrif.
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**
– Engin áhrif.
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**
– Engin áhrif.
4. **Áhrif á byggðalög** – Flýting mikilvægra samgönguinnviða mun hafa jákvæð áhrif á byggðalög.
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök** – Engin áhrif.
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**
– Bættir samgönguinnviðir eru taldir stuðla að auknu jafnrétti kynjanna í samgöngum.
7. **Áhrif á lýðheilsu** – Bættir samgönguinnviðir draga úr slysum.
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir** – Engin áhrif.
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri** – Engin áhrif.
10. **Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni** - Engin áhrif.
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar** – Horfa þarf til stöðu allra þjóðfélagshópa við ákvarðanir um töku notendagjalda til að fjármagna samgönguinnviði. Meginatriði er að notendur hafi hag af því að nýta sér hina nýju innviði og eigi jafnframt kost á annarri leið.
12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun** – Bættir samgönguinnviðir geta stuðlað að jákvæðum umhverfisáhrifum, s.s. með styttingu leiða.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag** – Þó frumvarpið hafi ekki bein áhrif á ríkissjóð er það hluti áforma um flýtingu mikilvægra samgönguinnviða með töku notkunargjalda. Fjármögnun slíkra framkvæmda mun geta haft áhrif á fjárhag ríkissjóðs þó framkvæmdakostnaður verði endurheimtur yfir lengri tíma.
2. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á**

- 3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat) .** Mikill samfélagslegur ávinningur fylgir flýtingu mikilvægra samgönguinnviða. Þar fyrir utan eru mörg þessara verkefna þjóðhagslega arðsöm og skila því beinum jákvæðum fjárhagsáhrifum til lengri tíma.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

- 1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**
- 2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**
- 3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin? |**